

borgunardags og málskostnað að upphæð 40 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. aprilmánaðar.

Nr. 15/1896.

Rjettvísinn

gegn

Sigurði Jónssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Skagafjardarsýslu 20. jan. þ. á. var hinn ákærði Sigurður Jónsson frá Hofstaðaseli dæmdur samkvæmt 231. gr. 4. lið í almennum hegningarlögum 25. júní 1869 til að sæta 2 ára betrunarhúsvinnu og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns hans í hjerði, W. Melsteð á Sauðárkróki, 6 krónur. En dómi þessum hefur eptir ósk ákærða verið skotið til yfir dómsins.

Með eigin játningu ákærða og öðrum upplýstum atvikum er það sannað, að ákærði, sem var kaupamaður í Hofstaðaseli síðastliðið sumar, fór aðfaranóttina 21. sept. f. á., er fólk allt var í svefni, yfir að næsta bæ, Svaðastöðum, braut þar rúðu á stofunni og opnaði svo gluggann, er var á hjörum, fór síðan inn um gluggann og opnaði dragkistu, er þar var í stofunni, þannig, að hann sprengdi hana upp með vasahníf sínum, og tók úr skúffu, er inni í dragkistunni var, töluvert af gullpeningum, er bóndinn Jón Þorkelsson á Svaða-

stöðum átti og geymdi þar. Voru peningarnir í 3 pokum, sem ákærði virðist hafa skilið eptir í skúffunni, og pappírslengjum vafið utan um gullpeningana. Stakk ákærði á sig peningunum og fór síðan út aptur sömu leið og alla leið heim til sín að Hofstaðaseli og háttadi þar í rúm sitt, án þess nokkur yrði var við ferðalag hans. Þegar ákærði var tekinn fyrir, fundust hjá honum 3960 kr. í gullpeningum, sem hann kannadist við að væru peningar þeir, er hann tók á fyrgreindan hátt, en eigandi peninganna hefur skýrt svo frá, að hann minni, að í dragkistunni hafi átt að vera um 4150 krónur, en ekki hefur hann þorað að fullyrða neitt um það, og voru allir þessir peningar hornfir, er að var komið um morguninn. Hins vegar hefur ákærði þvertekið fyrir að hafa eytt neinu af peningum þeim, er hann tók, eða komið undan á annan veg, en hann kveðst aldrei hafa talið peningana og telur líklegt, að nokkuð af þeim hafi getað týnzt úr vasa sínum, þar sem hann geymdi þá stöðugt á daginn, er hann kvöld eitt var á heimleið frá Saudárkróki, því að þá hafi hann farið ofan í og brjef farið utan af peningunum í vasa hans. Fyrgreindar 3960 kr. hafa verið afhentar aptur eigandanum, og hefur hann eigi krafizt frekari skaðabóta af ákærða í þessu máli. Það er að vísu upplýst í málinu, að ákærði hafði neytt nokkurs vins um daginn áður en innbrotið var framið, en eptir allri framkomu hans að dæma um nóttina, er hann framdi þjófnadinn, virðist eigi vera ástæða til að ætla, að hann hafi þá verið

svo drukkinn, að það geti hafa haft nein áhrif á sakhæfi hans.

Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og hefur aldrei áður verið ákærður eða sætt hegningu fyrir neitt afbrot. Afbrot hans er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 231. gr. 4. lið almennra hegningarlaga, en refsingin fyrir það þykir nægilega ákveðin 1 árs betrunarhúsvinna; að öðru leyti ber að staðfesta ákvæði undirrjettardómsins. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Það athugast, að hjeraðsdómarinn hefur eigi sett í dóm sinn vottun um lögmati málsmedferðarinnar í hjeraði samkvæmt tilsk. 3. júní 1796 § 35, en að öðru leyti vottast, að meðferð og rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og að málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmat.

Þ v í d æ m i s t r j e t t v e r a :

Hinn ákærði Sigurður Jónsson á að sæta 1 árs betrunarhúsvinnu, en að öðru leyti á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Svo greiði og ákærði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirrjettar-málaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. juris Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.